



## Umhverfisnefndarfundur 3. apríl 2018

Mættir: Sirrý, Haukur, Sára, Ella, Magnús Veigar, Tina, Reimar Atli, Gunnlaugur, Kristófer Hrafn, Harpa, Elín Victoría, Irma Ósk, Ragna Margrét, Agnes Día, Guðrún Renata, Hjörvar Ingi og Pröstur Óli (OK í fríi).

- Fundur var settur
- Fundarefni síðasta fundar var rifjað upp.
- Rifjuðum aftur upp tilgang umhverfisnefndar og hvert okkar hlutverk er. Góð vísa er aldrei of oft kveðin 😊
  - Skoðuðum fánann okkar vel og vandlega og lýstum því sem við sáum
- Flokkunarleiðbeiningar
  - Skoðuðum nýju flokkunarleiðbeiningar sveitarfélagsins vel og vandlega. Fórum vel yfir allar þær breytingar sem hafa orðið á flokkun. Allir krakkar ætla að hvetja foreldra og aðra til þess að skoða nýju flokkunarleiðbeiningarnar á heimasíðu hreppsins.
  - Allir í leikskólanum eru duglegir að flokka. Ella segir að það gangi vel að flokka í eldhúsinu og í ræstingunum.
  - Mikil umræða um plast og ætla börnin að biðja foreldra um að útvega margnota poka sem hægt er að nota undir blaut föt. Svo er hægt að þvo pokana og koma með þá aftur í leikskólann. Þannig ætlum við að minnka plastpöknotkun hér í Leikholti.
- Hnattrænt jafnrétti
  - Okkur gengur vel að fræðast um þjóðerni barna og starfsfólks í leikskólanum. Á síðasta fundi var ákveðið að kíkja á nokkra þætti hjá Árnýju og Daða í Kambódíu. Árný var nú einu sinni að vinna hérna og svo er Matta líka mamma hennar. Okkur fannst tilvalið að nýta okkur tækifærið og fræðast daldið um hagi barna í Kambódíu, sem er mjög langt frá Íslandi. Skrifuðum bréf til þess að senda til þeirra.
- Næsti fundur verður föstudaginn 8. maí 2018.
- Fundi slitið